

RITSTJÓRNARSTEFNA

sjúklingafræðsluefnis á Landspítala

Markhópur

Notendur þjónustu Landspítala og aðstandendur þeirra.

Markmið

Að sjúklingar, aðstandendur þeirra og aðrir sem nota þjónustu Landspítala hafi aðgang að gagnlegu og gagnreyndu fræðsluefni og upplýsingum til að:

- Efla sjálfstraust, sjálfbjargargetu og sjálfsúþöfnun
- Efla virka þátttöku í meðferð og getu til að taka upplýsta ákvörðun.
- Auka ánægju með meðferð og umönnun.
- Bæta líðan, auka öryggi í þjónustu og draga úr líkum á innlögnum.
- Draga úr álagi vegna veikinda og sjúkráhusdvalar.
- Auka vitund um ýmis hættumerki og aðstæður sem ástæða er til að bregðast við.
- Greiða leið sjúklinga í gegn um ferli heilbrigðisþjónustu.

Leiðarljós

- Fræðsluefni byggir á gagnreyndri þekkingu og er notendamiðað
- Öryggi í þjónustu
- Mismunandi heilsulæsi og þarfir
- Jafnrétti og jafnræði

Innihald

- Ýmiss konar gagnreyndar heilbrigðistengdar upplýsingar sem að gagni geta komið og varðar t.d. eftirfylgd, rannsóknir, sjúkdóma, forvarnir, aðgerðir og aðra meðferð, endurhæfingu, stuðningsamtök, réttindi, ráðgjöf og stuðning.
- Við gerð fræðsluefnis er fylgt samþykktum verkferlum samkvæmt gæðakerfi Landspítala sem felur í sér samvinnu, aðkomu og rýni sérfræðinga á því sviði sem um ræðir hverju sinni og fulltrúa notenda.
- Miðstöð um sjúklingafræðslu sér um útgáfu sjúklingafræðsluefnis á Landspítala, greinir þörf fyrir útgáfu nýs efnis og aðstoðar starfsfólk við gerð þess, sér um endurskoðun og tryggir að gæðakröfur séu uppfylltar

Miðlar og miðlunarleiðir

Ritað mál, hljóðupptökur, myndmál, kvikmyndir eða tölvuleikir. Útgefið fræðsluefni er varðveitt í gæðahandbók Landspítalans sem heldur utan um endurskoðun fræðsluefnis.

Varðveisla

Allt sjúklingafræðsluefni sem Landspítalinn gefur út er aðgengilegt á vefnum www.landspitali.is og opið almenningi. Heilbrigðisstarfsmenn Landspítala afhenda, senda eða vísa sjúklingum á viðeigandi fræðsluefni, veita þeim tækifæri til að ræða það og spyrja spurninga.

Framtíðarsýn

- Aukið samstarf við heilsugæslu og landlækni (Heilsuveru)
- Mínar síður á Heilsuveru – viðeigandi efni fyrir eiganda birtist þar og er aðgengilegt.

Undirstöður

- [Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007](#)
- [Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997](#)
- [Stefna og gildi Landspítala](#)
- [Heilbrigðisstefna – stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til 2030](#)
- Jafnræði og jafnrétti eins í fram kemur í siðareglum heilbrigðisstétta á síðu [Embættis landlæknis](#)
- [Stefna um þátttöku sjúklings og aðstandenda í meðferð](#) - sjúklingafræðsla: Útgefandi Landspítali 2019.